



Fuglahundadeild ársskýrsla starfsárið 2017-2018

Í stjórn sitja: Hulda Jónasdóttir, Kristín Jónasdóttir, Atli Ómarsson, Unnur Unnsteinsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Tvö sæti eru laus í stjórn, en Hulda Jónasdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir hafa setið þau ár sem þær voru kosnar til.

Deildinni tilheyra eftirfarandi tegundir: Breton, Pudelpointer, Bracco Italiano, Gordon seti, Enskur Pointer, Vizsla, Weimaraner, Korthals Griffon.

Á síðastliðnu starfsári stóð deildin fyrir hefðbundnum veiðiprófum líkt og á undanförunum árum, en það er jú þungamiðja starfseminnar ásamt sýningarþjálfun.

Deildin stóð fyrir þremur heiðaprófum þ.e. Ellaprófið sem haldið var hér fyrir sunnan, Kaldaprófið fyrir norðan og að hausti Áfangafellsprófið fyrir norðan auk þess sem haldin voru tvö sækipróf að sumri.

Haldnar voru æfingagöngur í samstarfi við Vorsteh deild og DESÍ. Æfingagöngur eru góður vettvangur til þess að ná góðri þjálfun á hundinn sinn auk þess sem eldri félagar í sportinu geta leiðbeint þeim sem yngri eru. Ræktendur í FHD voru með æfingagöngur má geta þessa að frumkvæði félaga í fuglahundadeildunum öllum er gott og er m.a. hópur kvenna úr deildum í TH7, sem heldur kvennagöngur. Samstarf deilda á árinu var afar gott. Æfingar fyrir sækipróf voru fjölsóttastar af meðlimum FHD eins og síðast liðin ár en í ár voru þær haldnar í samvinnu við Vortstehdeild sem heppnaðist einstaklega vel.

Sú nýbreitni varð á starfsárinu að haldið var fyrsta meginlandshundapróf á Íslandi um páskahelgina 14.- og 15. apríl 2017. Margra ára vinna velunnara er að baki þeim áfanga að slíkt próf hafi loks verið haldið á Íslandi. Áhugi var mikill, en haldið var kynningarnámskeið fyrir þátttakendur um framkvæmd prófsins og í beinu framhaldi meginlandshundapróf á heiði. Dómarinn Dag Teigen dæmdi prófið og fór yfir framkvæmd þess, reglur og hvaðeina sem þátttakendur þyrftu að hafa í huga. Fuglahundadeild naut auk þess aðstoðar erlendra dómara og aðila sem koma að framkvæmd meginlandshundaprófa innan FCI. Kunnum við þeim bestu þakkar fyrir ómetanlegan stuðning. Almenn ánægja var með viðburðinn og var meirihluti þátttakenda eigendur meginlandshunda sem ekki hafa verið að taka þátt í heiðaprófum deildarinnar hingað til. Eigendur og ræktendur meginlandshunda hafa ítrekað óskað eftir viðburðum sem þessum eins og sést á fundargerðum deildarinnar frá stofnun og jafnframt í fundargerðum Úrvalsdeildar, sem fuglahundar tilheyru forðum.

Sækihluti meginlandshundaprófs var svo haldinn s.l. sumar samhliða öðru af íslenska sækiþrófinu, þar sem prófað var í sækivinnu í vatni, í móa og spori. Þrjú hundar luku báðum hlutum prófsins með einkunn miðað við reglur SKF sem er fullgilt FCI próf, sem þó verður ekki skráð í gagnagrunn HRFÍ, þar sem stjórn HRFÍ sér sér ekki fært að samþykkja prófið. Ítrekað hefur verið sótt um að halda meginlandshundapróf á komandi starfsári til einkunna. Þeirri bön hefur jafn oft verið hafnað þar sem stjórn HRFÍ telur sig ekki hafa vald til þess að samþykkja slíkt próf. Ljóst er að ágreiningur er um þá niðurstöðu og óljóst hvernig sú niðurstaða fæst þar sem stjórn HRFÍ auk aðalfundar og félagsfundar er æðsta vald félagsins. Það er því undir ákvörðun annarra félaga í HRFÍ sem ekki hafa þátttökurétt í meginlandshundaprófi að koma að ákvörðun um það hvort í boði verða slík próf á Íslandi. Til að taka af allan vafa er hér átt við veiðihunda sem tilheyra enskum-hundum þ.e. setter og pointer. Hvað varðar íslenska veiðiprófið sem haldið hefur verið hér á landi um árabil skal það tekið fram að ekki er verið að óska eftir að breyta fyrirkomulagi þess með neinum hætti. Eingöngu að bæta við prófi fyrir meginlandshunda líkt og tíðkast í aðildarlöndum FCI og þeim löndum sem við berum okkar saman við. Þeir eigendur meginlandshunda sem samt kjós að taka þátt í íslenska veiðiprófinu muna áfram geta það.

Það verður því verkefni nýrrar stjórnar FHD að sjá til þess að deildin komi til móts við félag í deildinni sem vilja fá ræktunardóm á hunda sína, enda ljóst að íslenska prófið hentar fæstum tegundum meginlandshunda og sést það vel á þátttöku tegunda FHD í veiðiprófum.

Á komandi starfsári fer fram endurskoðun íslensku veiðiprófsreglnanna sem fram fer á fimm ára fresti. Fuglahundadeild á sinn fulltrúa í endurskoðunarnefndinni ásamt öðrum deildum í tegundarhópi 7.

Jafnframt var komið að endurskoðun heilbrigðiskrafna fyrir tegundir innan Fuglahundadeildar. Tengiliðum tegunda var falið að fara yfir nýjustu kröfur í tengslum við heilbrigði tegunda. Það kemur í hlut nýrrar stjórnar Fuglahundadeildar að fara yfir tillögur tengiliða og senda áfram til stjórnar HRFÍ. Að sjálfsgöðu eru nógildandi ræktunarkröfur í fullu gildi auk þess sem gömul vísa er aldrei of oft kveðin, en aðeins skal rækta undan rétt sköpuðum og heilbrigðum undaneldisdýrum.

Deildin stóð fyrir sýningarþjálfun fyrir hundasýningar félagsins á liðni starfsári og var þátttaka góð og ljóst að sýningarþjálfun er afar góð tekjulind fyrir deildina. Tegundir innan Fuglahundadeildar hafa verið að ná framúrskarandi árangri á hundasýningum félagsins og hafa hundar innan deildarinnar vermt efstu sæti stigahæstu hunda félagsins á hundsýningum og efstu sæti í keppni um besta hund sýningar.

Af ræktunarmálum er það að fréttu að á síðstu misserum voru got hjá Vizslum, Weimaraner og Breton. Það ætti því að vera metnaðarmál nýrrar stjórnar að kynna starfsemi deildarinnar fyrir nýjum eigendum.

Stigahæstu hundar ársins 2017 voru heiðraðir á veglegu þorrablóti deildarinnar sem var vel sótt, en blótið var að þessu sinni haldið heima hjá Atla og Sigrúnu og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir.

Stigahæstu hundar ársins 2017 eru:

Á heiðaprófi

Unghundaflokkur **Vatnsenda Karma** Enskur pointer,

Opinn flokkur, **Fóellu Kolka** Breton.

Stigahæsti ræktandi á heiðarpófum

Unghundaflokkur **Vatnsenda-ræktun Enskur Pointer, Ásgeir Heiðar**

Opinn flokkur, keppnisflokkur **Fóellu-ræktun Breton, Sigurður Ben. Björnsson**

Stigahæstu hundar á sækiprófum Fuglahundadeildar

Unghundaflokkur

Sika ze Strazistských Iesu Pudelpointer

Opinn flokkur jöfn að stigum

Bláskjárs Skuggi Jr. Weimaraner

Silva SGT Schultz Rider, Weimaraner

Stigahæsti ræktandi á Sækiprófum

Bláskjár-ræktun Weimaraner í OF, Atli Ómarsson og Kristín Jónasdóttir

Stigahæstu hundar í fuglahundadeild á hundasýningum

Loki Ungversk Vizsla, Elín Þorsteinsdóttir

Stigahæsti ræktandi fuglahundadeildar á hundasýningum

Huldu ræktun, Hulda Jónasdóttir

Stjórn Fuglahundadeildar óskar eigendum og rækendum til hamingju með árangurinn.

Stjórn Fuglahundadeildar vill þakka félagsmönnum, prófstjórum, sýningarþjálfurum, dómurum og öllum þeim sem komu að starfinu á s.l. ári kærlega fyrir allt það óeigingjarna starf sem lagt hefur verið af mörkum fyrir deildina. Jafnframt vill deildin þakka styrktaðilum sem hafa verið okkar bakhjarlar í starfinu.

Dýrheimum og Royal Canin á Íslandi

Hits.is

Byggingafélaginu Rætur

Orion vefsmiðju

Melabúðin

Bruggsmiðjan Kaldi

Yfirlit yfir þátttöku tegunda í FHD og fjölda í veiðiprófum FHD árið 2017

Fróðlegt er að sjá þátttöku í veiðiprófum deildarinnar eftir tegundum, en eins og sést eru tegundir FHD í minnihluta.

Próf FHD 25.03.17 Ellaprófið **Prófnr. 501701**

OF/UF
6 hundar skráðir
1 Breton frá FHD
<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=523>

Próf FHD 15-17.04.17 opið meginlandshundapróf

OF/UF
14 hundar skráðir
12 frá FHD. Weimaraner 8, Vizsla 3 og Pudelpointer 1
<http://fuglahundadeild.is/NewsMynd.aspx?ArticleID=%202014>

Próf FHD 05.05-07.05.17 Kaldaprófið **Prófnr. 501704**

05.05.17
OF/UF
9 hundar skráðir
2 frá FHD. Breton 1 og Vizsla 1
<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=539>

KF
8 hundar tóku þátt
1 Breton frá FHD
<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=537>

06.05.17
OF/UF
10 hundar skráðir
4 frá FHD. Pointer 1, Breton 2 og Vizsla 1
<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=536>

KF
10 hundar skráðir
1 Breton frá FHD
<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=534>

07.05.17

OF/UF

7 hundar skráðir

4 frá FHD. Pointer 1, Breton 2 og Vizsla 1

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=535>

KF

11 hundar skráðir

1 Breton frá FHD

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=540>

**Próf FHD 08- 09.07.17 hefðbundið sækipróf og opið meginlandshundapróf
Prófnr. 501705**

08.07.17

OF/UF

18 hundar skráðir

9 hundar í FHD. Weimaraner 6, Vizsla 1, Pudelpointer 1 og Italian pointing dog 1

<http://www.fuglahundadeild.is/NewsMynd.aspx?ArticleID=%202033>

<http://www.fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=541>

09.07.17

OF/UF

18 hundar skráðir

9 hundar í FHD. Weimaraner 6, Vizsla 1, Pudelpointer 1 og Italian pointing dog 1

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=542>

**Próf FHD 12-13.08.17 hefðbundið sækipróf
Prófnr. 501706**

12.08.17

OF/UF

14 hundar skráðir

8 hundar í FHD. Weimaraner 6, Vizsla 1 og Pudelpointer 1

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=544>

13.08.17

OF/UF

15 hundar skráðir

9 hundar í FHD. Weimaraner 7, Vizsla 1 og Pudelpointer 1

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=545>

**Próf FHD 22-24.09.17 Auðkúluheiði
Prófnr. 501710**

22.09.17

OF/UF

10 hundar skráðir

3 frá FHD. Breton, Gordon setter og Pudelpointer

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=550>

KF

10 hundar skráðir

3 frá FHD. Pointer og Breton 2

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=548>

23.09.17

OF/UF

11 hundar skráðir

4 frá FHD. Breton, Pointer, Gordon setter og Pudelpointer

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=551>

KF

9 hundar skráðir

3 frá FHD. Pointer og Breton 2

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=549>

24.09.17

OF/UF

9 hundar skráðir

3 frá FHD. Breton, Pointer og Pudelpointer

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=552>

KF

10 hundar skráðir

3 frá FHD. Pointer og Breton 2

<http://fuglahundadeild.is/Veidipruppl.aspx?ID=555>

f.h. Fuglahundadeildar HRFÍ

Hulda Jónasdóttir, formaður